

# HÚSÖNDIN

40.tbl. 1.árg.  
14.nóv. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 15.-21. NÓVEMBER

- 15.11 *Árný Hulda Sæmundsdóttir*  
17.11 *Hugi Ólafsson, Kristján Galdur Stefánsson*  
20.11 *Halldóra Egilsdóttir*



Enginn aðgangseyrir,  
allir velkomnir!  
Húsið opnar kl 20:00  
Tónleikar hefjast kl 20:30

í Skjólbrekku,  
Mývatnssveit

24. nóvember 2018


Þessir tónleikar eru í boði Skútustaðahrepps, Jarðbaðanna við Mývatn, Sel-Hótel, Mývatnsmarkaðs, Kaffi Boga, Dimmuborgir Guesthouse, Jón Ingi ehf, Húsheild, Icelandair Hotel Mývatn og Tónlistarsjóðs

# VISSIR ÞÚ

AÐ Á NORÐAUSTURLANDI  
ERU UM ÞAÐ BIL

# 250.000

PAPRIKUR RÆKTAÐAR  
ÁR HVERT MEÐ  
JARÐHITA?



[www.eimur.is](http://www.eimur.is)



[facebook.com/eimurNA](https://facebook.com/eimurNA)



[instagram.com/eimur\\_iceland](https://instagram.com/eimur_iceland)

EIMUR



# Vogafjós


Restaurant - Café  
Guesthouse

Kæru vinir

Vegna framkvæmda í Vogafjós munum við loka veitingastaðnum og gistingunni 25. nóvember-3. desember og aftur 10. desember-10. janúar.

Við ætlum því að nýta vel vikuna 3.-9. desember og gera hana að sannkallaðri aðventuviku. Við höldum í hefðirnar og fáum Heru Björk og Fjarðadætur til okkar 5. desember og 7. desember mætir Guðrúnu Gunnars og föruneysi. Þá hefur heyrst að hrekkjóttir bræður úr Dimmuborgum líti við seinnipartinn 6. desember og bjóðum við því öllum krökkum í heimsókn til okkar þá.

Nánar auglýst þegar nær dregur,  
Kveðja úr Vogafjósí



## Kæru sveitungar

Nú fer að koma að okkar árlegu skreytingum og eins og undanfarin ár afgreiðum við eftir pöntunum. Pantanir frá einstaklingum og fyrirtækjum þurfa að hafa borist fyrir kl.19:00 miðvikudaginn 28.nóvember hjá Siggju Jósa í síma 865-2005 eða Röggju í síma 863-2821.



Verð:

Krans kr. 7.500.

Kertaskreyting kr. 8.000.

Leiðiskross kr. 5.000.

Leiðisgrein kr. 2.500.

Þökkum stuðninginn

Slysavarnadeildin Hringur

## Kæru lesendur og viðskiptavinir

Vegna breytinga á póstþjónustu í sveitinni mun Húsöndin framvegis verða borin út á fimmtudögum og föstudögum.

Húsöndin verður í fríi fyrstu vikuna í desember og svo yfir hátíðirnar.

Útgáfudagar fram að áramótum eru því:

14., 21.og 28.nóvember.,

12.og 19.desember.

Jólakveðja í Húsöndinni mun kosta 2000kr. og verða þær birtar 19.desember.

Þeir sem vilja vera á póstlista

Húsandarinnar geta skrifað mér á

[husondin@gmail.com](mailto:husondin@gmail.com) eða í síma

849-2804

Hafið það gott. Kær kveðja,

Arnþrúður

